

## 1. kafli

### Nafn og tilgangur

**1. gr.** - Félagið heitir SFR - stéttarfélag í almannþjónustu. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Félagssvæði þess er landið allt. Félagið skiptist í tvo hluta, opinberan hluta og almennan hluta. Í O-hlutanum eru einstaklingar og stéttarfélög sem aðild eiga á grundvelli 1. til 3. töluliðs 3. gr. laga þessara. Í A-hlutanum eru einstaklingar sem aðildarrétt eiga á grundvelli 4. töluliðs 3. gr. laga þessara. Lög nr. 94/1986 gilda um starfsemi O-hluta félagsins við gerð kjarasamninga en lög nr. 80/1938 gilda um kjarasamningsgerð A-hluta.

**2. gr.** - Tilgangur félagsins er:

1. Að vinna að hagsmunamálum félagsmanna og standa vörð um réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum.
2. Að fara með fyrirsvar einstaklinga, sem aðild eiga að félaginu, við gerð kjarasamninga.
3. Að fara með fyrirsvar einstakra stéttarféлага, sem aðild eiga að félaginu, við gerð kjarasamninga, enda hafi SFR verið veitt til þess umboð.

## 2. kafli

### Aðild að félaginu og úrsögn

**3. gr.** - Rétt til inngöngu í félagið eiga:

1. Einstaklingar í þjónustu ríkisins, sem eiga ekki aðild að öðru stéttarfélagi, sem fer með samningsaðild fyrir viðkomandi starfsmann.
2. Stéttarfélög starfsmanna, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Allir meðlimir stéttarféлага, sem aðild eiga að SFR, teljast félagsmenn.
3. Einstaklingar, sem starfa hjá sjálfseignarstofnunum skv. 2. gr. laga nr. 94/1986.
4. Einstaklingar sem starfa hjá stofnunum og fyrirtækjum sem starfa í almannáþágu.

**4. gr.** - Gangi félagi úr þjónustu ríkisins eða stofnana eða féлага sem falla undir ákvæði 3. tl. 3. gr. eða hætti störfum hjá atvinnurekanda skv. 4. tl. 3. gr. telst hann ekki lengur í félaginu.

Félagsmaður, sem verður atvinnulaus, á rétt til áframhaldandi félagsaðildar meðan hann er á skrá sem atvinnulaus, enda eigi hann ekki aðild að öðru stéttarfélagi.

Atvinnulausir greiði félagsgjald, en heimilt er stjórn félagsins að fella það niður að hluta eða öllu leyti.

Rísi deila um lögmæti uppsagnar félagsmanns úr starfi, telst hann þó félagsmaður, þar til hún er til lykta leidd.

Félagsmenn, sem ráðnir eru til starfa hjá félaginu eða heildarsamtökum opinberra starfsmanna, halda enn fremur óskertum félagsréttindum meðan þeir gegna slíku starfi.

**5. gr.** - Einstaklingur, sem uppfyllir eitthvert skilyrði 3. gr. til þess að geta orðið félagsmaður og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með félagsmaður. Stjórn félagsins skal kynna nýjum félagsmanni réttindi hans og skyldur í félaginu.

Umsókn stéttarfélags um aðild að félaginu skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Eintak af lögum félagsins.
2. Félagsmannatal.

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

3. Nöfn stjórnarmanna og aðrar þær upplýsingar sem félagið kann að óska eftir. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um inntöku stéttarfélaga, en leita skal staðfestingar næsta aðalfundar.

**6. gr.** - Halda skal aukaskrá yfir einstaklinga, sem ekki eru félagsmenn, en greiða gjald til félagsins skv. 2. mgr. 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Félagsmaður, sem ekki greiðir félagsgjöld skv. lögum félagsins, skal færður á aukaskrá með ákvörðun stjórnar félagsins, enda hafi vanskil staðið a.m.k. 3 mánuði. Þeir sem eru á aukaskrá njóta hvorki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda fyrr en viku eftir að þeir hafa greitt skuld sína við félagið.

Félagsstjórn er heimilt að undanþiggja menn félagsgjöldum, ef veikindi eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

**7. gr.** - Allir þeir, sem aðild eiga að félaginu, eru skyldugir að hlýða lögum þess. Þyki sannað, að félagsmaður eða aðildarfélag hafi framið alvarlegt brot á lögum þessum eða vísitandi valdið félaginu tjóni á annan hátt, getur aðalfundur vikið viðkomandi úr félaginu, en til þess þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

**8. gr.** - Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast félagsstjórn, og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn barst félagsstjórn, enda sé hann skuldlaus við félagið. Tillaga stéttarfélags um úrsögn úr SFR skal rædd á lögsmætum aðalfundi viðkomandi félags og hennar getið í fundarboði.

Gera skal stjórn SFR viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara og skal fulltrúi stjórnar ávallt sitja fundi félags, þegar fjallað er um úrsögn úr SFR.

Úrsagnartillaga skal afgreidd með allsherjaratkvæðagreiðslu, þó ekki fyrr en 4 vikum eftir aðalfund. Samþykki a.m.k. 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi þarf til þess að tillagan gangi áfram til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Úrsögn telst samþykkt ef a.m.k. helmingur félagsmanna er henni fylgjandi eða 2/3 hlutar þeirra, sem þátt taka í allsherjaratkvæðagreiðslunni. Félagi telst hafa tekið þátt í allsherjaratkvæðagreiðslum er hann skilar kjörseðli.

Kjörstjórn SFR sér um atkvæðagreiðslu um úrsögn, sbr. 10. grein.

Úrsögn tekur gildi frá lokum þess árs, er hún hlýtur samþykki. Félag, sem segir sig úr SFR, á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna SFR.

### 3III. kafli

#### Stjórn og stjórnarkosning

**9. gr.** - Stjórn félagsins skipa ellefu menn, formaður og tíu meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgildra félagsmanna til tveggja ára í senn.

Formaður skal kosinn sérstaklega en tíu meðstjórnendur skulu kosnir í einu lagi.

Stjórnin kýs úr sínum hópi varaformann og ritara.

Meðstjórnendum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil.

Ekki má sami maður gegna störfum formanns lengur en fimm kjörtímabil samfelld.

Þótt formaður hafi setið í stjórn félagsins hefur það engin áhrif þann tíma sem honum er heimilt að gegna formennsku.

**10. gr.** - Kjör stjórnar fer fram við allsherjaratkvæðagreiðslu. Kjörstjórn skal senda félagsmönnum kjörgögn. Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafrænum hætti ef því verður við komið, annars skriflegum og þá Við frágang kjörgagna skal hafa hliðsjón af því sem tíðkast við utankjörfundarkosningu til Alþingis varðandi frágang kjörgagna. Kosning skal standa yfir a.m.k. 10 daga ef hún er rafræn en 15 daga annars og skal

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

henni lokið sólarhring fyrir aðalfund. Atkvæði, sem berast kjörstjórn að þeim tíma liðnum, skulu ógild.

Kjörseðill skal vera tvískiptur þannig:

1. hluti fyrir formannskjör
2. hluti fyrir kjör meðstjórnenda

Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal vinnustað frambjóðenda og starfsheiti. Komi ekki fram tillögur um fleiri menn í hvert stjórnarsæti en kjósa skal eru þeir sjálfkjörnir.

**11. gr.** – ~~Trúnaðarmannaráð~~ Félagsráð skal kjósa uppstillinganefnd sem skipuð er 5 aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórn félagsins skal undirbúa tillögu um uppstillinganefndina sem lögð er fyrir trúnaðarmannaráð félagsráð. Hlutverk uppstillinganefndar er eftirfarandi:

Gera tillögu um formann og stjórn félagsins. Einnig skal hún gera tillögur um stjórn orlofssjóðs, stjórn starfsmenntunarsjóðs, stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs, kjörstjórn, skoðunarmenn reikninga og endurskoðendur.

Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir trúnaðarmannaráð, eigi síðar en ~~35~~ 40 sólarhringum fyrir aðalfund þegar stjórn félagsins er kosin. Trúnaðarmannaráð skal afgreiða tillögur uppstillingarnefndar og verða þær tillögur ráðsins.

Heimilt er 50 eða fleiri félagsmönnum að gera tillögur um einn eða fleiri stjórnarmenn. Skulu þær vera skriflegar og berast stjórn félagsins a.m.k. 25 sólarhringum fyrir aðalfund. Öllum tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um. Vanti samþykki aðila telst tillaga um hann ógild. Tillögum skulu fylgja upplýsingar um vinnustað, kennitala og heimilisfang. Enginn getur verið í framboði nema sem formaður eða meðstjórnandi.

### **4IV. kafli**

#### **Aðalfundur**

**12. gr.** - Aðalfundur skal auglýstur á tryggilegan hátt með a.m.k. 35 sólarhringa fyrirvara. Jafnframt skal auglýst eftir tillögum um stjórnarmenn þegar stjórnarkjör fer fram, sbr. ákv. 9. og 10. gr.

**13. gr.** - Aðalfundur skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi, skal boða til framhaldsaðalfundar. Þessi eru sérstök verkefni aðalfunda, nema á því ári sem ekki fer fram stjórnarkjör, falla af dagskrá fundarins töluliðir 4 og 6.

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.
4. Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.
5. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
7. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
8. Kosið í stjórn: orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs samkv. reglum þeirra.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
11. Önnur mál.

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

**14. gr.** - Kjörstjórn skipa fimm menn og jafnmargir til vara og skal kosin úr hópi fullgildra félagsmanna til tveggja ára á þeim aðalfundi, þegar stjórnarkjör fer fram. Kjörstjórn skal ásamt stjórn félagsins hafa á hendi undirbúning og framkvæmd kosningarinnar. Sé kjörstjórnarmaður í framboði við stjórnarkjör, skal hann víkja sæti fyrir varamanni. Sá varamaður, sem flest atkvæði hefur fengið, tekur fyrsta sæti sem losnar í kjörstjórn, þá sá sem næstflest atkvæði hefur fengið og þannig áfram.

**15. gr.** - Stjórn félagsins lætur gera kjörskrá um alla félagsmenn er atkvæðisréttar njóta, sbr. 6.gr., og skal hún liggja frammi í skrifstofu félagsins frá því að aðalfundur er auglýstur.

Allar kærur út af kjörskrá skal kjörstjórn úrskurða. Kærufrestur rennur út sólarhring fyrir aðalfund.

Í kjörskrá skulu skráðar upplýsingar um kennitölu og heimilisfang félagsmanna.

**16. gr.** - Félagsmenn hafa frjálst val að kjósa þá menn, sem í kjöri eru, og skulu þeir gera það á þann hátt að [setja krossmerkja við](#) fyrir framan nafn þess er þeir kjósa. Öll önnur merki eða áritanir ógilda kjörseðilinn.

Kjósa ber einn mann við formannskjör, tíu menn við kjör meðstjórnanda. Sé ekki kosin rétt tala stjórnarmanna í einhverjum hluta kjörseðils er hann ógildur að því er þann hluta varðar.

Kjörstjórn sker úr um gildi vafaatkvæða.

**17. gr.** - Kjörstjórn ákveður, hvar og hvenær talning atkvæða skal fara fram.

Frambjóðendur við formannskjör eða umboðsmenn þeirra mega vera viðstaddir talningu.

**18. gr.** - Kjörstjórn skal halda gjörðabók og færa í hana allt sem kosningu varðar, undirbúning, framkvæmd og niðurstöður.

### 5V. kafli

#### Stjórnarfundir og stjórnarstörf

**19. gr.** - Formaður skal boða til funda og gegna öðrum venjulegum formannsstörfum. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari sér um að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar með öruggum hætti fyrir stjórnar-, trúnaðarmannaráðs- og félagsfundi.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda.

Stjórnin vinnur að stefnumótun félagsins og stuðlar að framgangi mála sem félagið hefur sett sér. Stjórnin sér um að um að skipulag og starfsemi félagsins sé í samræmi við lög þess. Stjórnin ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er lúta að fjármálum og fjárhagsskuldbindingum þess.

Stjórnin skal yfirfara og samþykkja reikninga félagsins með áritun.

Stjórnin felur formanni / framkvæmdastjóra daglegan rekstur félagsins og ræður hann starfsmenn félagsins og semur um kjör þeirra. Stjórnin ákveður laun formanns / framkvæmdastjóra.

Stjórnarfundir eru lögmatir, ef meirihluti stjórnar mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

Stéttarfélag, sem aðild á að SFR og ekki á úr hópi félagsmanna sinna kjörinn fulltrúa í stjórn, á rétt á að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti, þegar mál er á dagskrá sem félagið varðar.

#### **6VI. kafli**

##### **Fjármál**

**20. gr.** - Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi, og fellur það þá þegar í gjalddaga. Heimilt er að láta draga árgjaldið frá launum félagsmanna, í einu eða mörgu lagi, eftir því hvort hentugra þykir.

Sjóði félagsins skal ávaxta í lánastofnunum.

Úr félagssjóði skal greiða nauðsynlegan kostnað vegna starfsemi félagsins.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund.

Tillögur sem fela í sér breytingar á útgjöldum fyrir félagsmenn er einungis heimilt að afgreiða á aðalfundi félagsins að undangenginni kynningu á tillögunni í fundarboði.

Auk félagssjóðs hefur SFR orlofssjóð, vinnudeilusjóð, styrktar- og sjúkrasjóð og starfsmenntunarsjóð. Um starfsemi sjóðanna skal setja reglur sem staðfestar skulu á aðalfundi SFR.

#### **7VII. kafli**

##### **Félagsfundir**

**21. gr.** - Félagsfundir skal boða svo oft sem þurfa þykir og er félagsstjórn skylt að boða þá ef 50 fullgildir félagsmenn krefjast þess og tilgreina fundarefni.

Félagsfundir skal boða með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara með auglýsingu í dagblöðum eða útvarpi og með auglýsingu á vinnustöðum þar sem því verður við komið.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

**22. gr.** - Fundum skal stjórnað eftir fundarsköpum, er félagið setur. Ef ágreiningur verður um fundarsköp, úrskurðar fundarstjóri, en skotið getur hann ágreiningsefni undir atkvæði fundarmanna.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum, nema þar sem öðru vísi kann að verða ákveðið í lögum þessum.

#### **8VIII. Kafli**

##### **Fulltrúar á þing BSRB**

**23. gr.** - Kjör fulltrúa á þing BSRB skal fara fram á trúnaðarmannaráðsfundi.

#### **9IX. kafli**

##### **Trúnaðarmannaráð og launamálaráð**

**24. gr.** - Á hverjum vinnustað, þar sem starfa 5 eða fleiri félagsmenn, skal í ~~september~~ maí annað hvert ár (oddatöluár) kjósa trúnaðarmann til tveggja ára, er síðan sé tilkynnt félagsstjórn. Velja má annan til vara.

Berist eigi tilkynning um val fyrir ~~731.~~ október maí, skal félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á vinnustaðnum. Félagsstjórn setur trúnaðarmönnum starfsreglur.

**25. gr.** - Trúnaðarmenn þeir, sem eru kjörnir eða skipaðir samkvæmt 24 gr. eða kjörnir samkvæmt ákvæðum ~~2930.~~ greinar, mynda ásamt stjórn trúnaðarmannaráðs.

Hlutverk þess er að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk trúnaðarmannaráðs að annast undirbúning kjarasamninga og kjósa samninganefndir. ~~Hlutverk þess er að afgreiða á fundum sínum mál, sem eru þess~~

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

eðlis að ekki þurfi afgreiðslu félagsfundar eða stjórnar SFR og vera félagsstjórn til aðstoðar og styrktar í starfi sínu á hverjum tíma. Fundi trúnaðarmannaráðs skal að jafnaði boða bréfléga með sannanlegum hætti með þriggja daga fyrirvara og tilgreina fundarefni.

Nánari starfsreglur má ákveða á lögsmætum félagsfundum

**26. gr.** — Trúnaðarmannaráð skal kjósa úr hópi félagsmanna tuttugu menn, og tíu varamenn, sem ásamt stjórn mynda launamálaráð félagsins. Hlutverk þess er að annast undirbúning kjarasamninga. Trúnaðarmannaráð setur reglur um starfssvið, vald og kjörtíma launamálaráðs.

**27. gr.** — Stéttarfélag, sem falið hefur SFR umboð til gerðar kjarasamnings, á rétt á að tilnefna fulltrúa í launamálaráð og skerðist tala kjörinna fulltrúa, sem kjósa skal, að sama skapi. Sé umboð um gerð kjarasamnings afturkallað, sbr. 28. gr., víkja fulltrúar þess úr launamálaráði og taka varamenn sæti sem aðalmenn í þeirra stað.

Fari SFR ekki með umboð til gerðar kjarasamnings fyrir aðildarfélag eru trúnaðarmenn þess eigi kjörgengir né hafa kosningarétt til kjörs í launamálaráð.

**2826. gr.** - Aðildarfélag getur hvenær sem er afturkallað umboð til SFR til gerðar kjarasamnings með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

Þegar 3 mánuðir eru til loka samningstíma, skal liggja fyrir hvort SFR hefur umboð til gerðar kjarasamnings og verður umboð ekki afturkallað, meðan á samningaviðræðum stendur um gerð nýs samnings.

### 10. kafli

#### Félagsráð

**27. gr.** — Félagsráð mynda stjórn félagsins, formenn fagfélaga/deilda og stéttarfélaga og 15 trúnaðarmenn kosnir af trúnaðarmannaráði. Við kosningu trúnaðarmanna í félagsráð skal tryggt að lágmarki sé einn fulltrúi frá eftirtöldum landshlutum:

Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra, Norðurlandi Eystra, Austurlandi, Suðurlandi, Vestmannaeyjum og Reykjanesi.

Formaður SFR er jafnframt formaður félagsráðs.

**28. gr.** — Hlutverk félagsráðs er að taka fyrir og afgreiða mál sem eru þess eðlis að ekki þurfi afgreiðslu félagsfundar eða stjórnar SFR. Félagaráð skal vinna að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn og annast undirbúning fyrir aðalfund félagsins, þar á meðal að kjósa uppstillinganefnd og laganefnd þegar það á við. Á fundum félagsráðs skal m.a. gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð fram skýrsla yfir starfsemina. Félagaráð skal ákveða hvaða fastanefndir skulu starfa og setja þeim reglur og kjósa í þær. Félagaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni.

**29. gr.** — Fundir félagsráðs skulu vera opnir félagsmönnum SFR og skulu þeir hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Félagaráð skal kallað saman að lágmarki tvisvar á ári í janúar/febrúar og september.

Málefni sem tekin eru fyrir á janúarfundinum eru: Stefnumótun félagsins og undirbúningur aðalfundar, svo sem ályktanir, kynning á tillögum uppstillinganefndar og laganefndar þegar það á við.

Málefni sem tekin eru fyrir á septemberfundinum eru: Kosning uppstillinganefndar og laganefndar (þegar það á við), fjárhagsstaða félagsins kynnt ásamt skýrslu um starfsemina. Kosning í fastanefndir félagsins það ár sem ekki er trúnaðarmannakosning (slétt töluár).

## **11X. kafli**

### **Deildaskipting**

**2930. gr.** - Heimilt er að stofna sérstakar deildir innan félagsins með þeim, er vinna skyld og sams konar störf, eða störf, sem krefjast hliðstæðrar menntunar. Hver slíkra deilda hefur rétt og skyldu til að velja fyrir sína hönd einn fulltrúa í trúnaðarmannaráð. Einnig skulu formenn deilda eiga sæti í félagsráði

Reglur fyrir deildir þessar öðlast ekki gildi fyrir en félagsstjórn hefur staðfest þær, en hlutverk þeirra skal vera:

1. að vinna því, að hver félagsmaður, sem til þess hefur rétt, sé félagsbundinn.
2. að fylgjast með því, að samningar séu haldnir og réttindi starfsmanna í heiðri höfð, og reyna að leysa þau ágreiningsmál sem upp kunna að koma og bundin eru við deildarmenn.
3. að veita félagsstjórn aðstoð við söfnun gagna og upplýsinga og annað er hún kann að óska eftir.
4. að efla gagnkvæman skilning og einingu og stuðla að fræðslu- og menningarstarfi innanvébanda deildarinnar.

Félagsmenn, sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku og launaðir eru samkvæmt launastiga SFR, hafa heimild til að starfrækja innan félagsins deild lífeyrisþega.

Deildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn hefur staðfest þær, sbr. ákvæði 1. mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um sérmál er varða réttindi lífeyrisþega og hagsmuni, svo og almennt félagsstarf og kynningu. Ennfremur skal í reglum deildarinnar vera ákvæði um félagsréttindi eftirlifandi maka lífeyrisþega.

Stjórn lífeyrisdeildar SFR skal heimilt að kjósa úr sínum hópi fulltrúa og annan til vara sem eiga rétt til setu í trúnaðar-~~og launamála~~mannaráði félagsins svo, og almennum félagsfundum SFR, með málfrelsi og tillögurétti.

Formaður deildar lífeyrisþega skal boðaður á stjórnarfundi SFR, þegar á dagskrá eru mál sem varða málefni lífeyrisþega.

## **12XI. kafli**

### **Ákvæði vegna laga um kjarasamninga**

**3031. gr.** - ~~Launamálaráð~~-Trúnaðarmannaráð kýs 11 ~~menn~~-fulltrúa í samninganefnd sem fer með fyrirsva félagsins við gerð kjarasamninga. Í samninganefnd eigi jafnframt sæti formaður SFR, sem er formaður samninganefndar, og varaformaður félagsins. Við kjör samninganefndar skal þess gætt að í nefndina séu kjörnir fulltrúar ólíkra starfsgreina innan félagsins. Samninganefnd er heimilt að kjósa undirnefndir til að vinna að einstökum verkefnum við undirbúning samninga og samningagerð eftir því sem ástæður þykja.

**3132. gr.** - Tilkynna skal viðsemjendum eigi síðar en við upphaf samningaviðræðna hverjir skipi samninganefndir félagsins.

**3233. gr.** - ~~Launamálaráð~~-Trúnaðarmannaráð tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamninga. Uppsögn skal tilkynna í samræmi við 2. kafla laga 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða skv. 6. gr.1.nr 80/1938, eftir því sem við á. Sömu aðilar taka ákvörðun um að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfall. Um þá atkvæðagreiðslu fer skv. 15. gr. þeirra laga.

**3334. gr.** - Samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd félagsins undirrita með fyrirvara. Um endanlegt samþykki þeirra félagsmanna, sem kjarasamningurinn tekur til, skal viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu eins fljótt og kostur er. Við breytingu á kjarasamningi á samningstímabilinu er ekki skylt að viðhafa atkvæðagreiðslu.

**3435. gr.** - Samninganefnd tekur ákvörðun um frestun eða afboðun verkfalls eftir undirritun kjarasamnings.

**3536. gr.** - Félagsmenn stéttarfélaga, sem ekki hafa veitt félaginu umboð til gerðar kjarasamnings, fjalla á engan hátt um kjarasamninga félagsins né taka þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga eða verkfallsboðun.

37. gr. - Stéttarfélag, sem falið hefur SFR umboð til gerðar kjarasamnings, skal tryggt sæti í samninganefnd félagsins. Sé umboð um gerð kjarasamnings afturkallað, sbr. 26. gr., víkja fulltrúar þess úr samninganefnd.

Fari SFR ekki með umboð til gerðar kjarasamnings fyrir aðildarfélag eru trúnaðarmenn þess eigi kjörgengir né hafa kosningarétt til kjörs í samninganefnd.

### **13XII. kafli**

#### **Ýmis ákvæði**

**3638. gr.** - Heimilt er að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um stærri mál og skal þá haga henni þannig að kjósandi þurfi aðeins að krossa við já eða nei. Skal atkvæðagreiðslan fara fram skriflega á fundi að loknum umræðum en auk þess séu greidd atkvæði utanfundar með hliðstæðum skilyrðum og sett eru um stjórnarkjör.

Kjörstjórn sér ásamt stjórn félagsins um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslna, og skal hún sjá um að þær fari fram á tryggilegan hátt. Kjörstjórn staðfestir kjörskrá og ákveður hverju sinni meðferð kjörgagna og fyrirkomulag á talningu atkvæða.

**3739. gr.** - Komi fram tillaga um að leysa félagið upp, verður hún eigi tekin til greina nema hún sé studd hið minnsta 1/4 félagsmanna, og skal þá höfð um hana allsherjaratkvæðagreiðsla. Tillagan telst því aðeins samþykkt, að hún hljóti 2/3 greiddra atkvæða.

Verði félagið leyst upp skulu gerðarbækur þess og skjöl ásamt öðrum eignum afhent BSRB til fullrar eignar og umráða.

**3840. gr.** - Við framkvæmd og túlkun laganna skal haft í huga að innan félagsins eru annars vegar félagsmenn sem starfa eftir kjarasamningum sem gerðir eru skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og hins vegar félagsmenn sem starfa á almennum vinnumarkaði þar sem um gerð kjarasamninga gilda lög nr. 80/1938. Ákvarðanir um kaup og kjör sem varða annan hópinn sérstaklega skulu einungis bornar undir hann.

**3941. gr.** - Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda hafi tillögur þar að lútandi borist til félagsstjórnar áður en aðalfundur er auglýstur og þeirra getið í fundarboði. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund

Á aðalfundi er heimilt að gera breytingartillögur við löglega fram komnar tillögur til lagabreytinga, enda feli breytingartillögur ekki í sér óskyld efni við upprunalegu tillögurnar.

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

Til að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða. Um leið og samþykkt er breyting á lögum skal ákveðið með fundarsamþykkt, hvenær breytingin tekur gildi.

Félaginu voru upphaflega sett lög á framhaldsstofnfundi 22. nóv. 1939. Lögunum hefur verið breytt á aðalfundum félagsins 1943, 1950, 1952, 1964, 1975, 1977, 1980, 1987, 1991, 1993, 1994, 1996, 2000, 2004 og 2007.

Lagaákvæði til bráðabirgða:

Stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs hefur verið kosin á þeim aðalfundi sem aðrar kosningar til stjórnna fara ekki fram. Lagt er til að kosning til stjórnna sjóða verði samræmd og að núverandi stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs SFR sitji áfram. Ný stjórn verði því kosin á aðalfundi 2012 í stað aðalfundar 2011.

## Orlofssjóður

Reglur samkv. 20. gr. laga SFR

### 1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður SFR. Sjóðurinn er í eigu SFR – stéttarfélags í almannajónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að auka möguleika félagsmanna á fjölbreytni í orlofsmálum, til dæmis með því að koma upp og reka orlofshús og -íbúðir fyrir félagsmenn eða styrkja þá til annars konar orlofsdvalar.

### 3. gr. Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- b) Vaxtatekjur.
- c) Leigugjöld af orlofshúsum og orlofsíbúðum.

### 4. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Allar greiðslur úr sjóðnum aðrar en þær er varða daglegan rekstur hans, rekstrargjöld orlofshúsa/-íbúða, leigu orlofshúsa í eigu annarra og/eða til annarrar venjubundinnar starfsemi á vegum sjóðsins, skulu háðar samþykki stjórnar SFR. Á þetta einkum við um greiðslur sem ekki hafa áður verið hluti af hefðbundinni starfsemi sjóðsins, eða ef upphæðir teljast umtalsverðar miðað við þá starfsemi sem er á vegum hans á hverjum tíma.

### 5. gr. Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir aðalmenn og einn varamaður kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn ásamt einum aðalmanni tilnefndum úr stjórn SFR. Formaður skal kjörinn af sjóðstjórn. Stjórn sjóðsins skal halda gerðarbók yfir störf sín og setja úthlutunarreglur.

Stjórnin skal leggja úthlutunarreglurnar fyrir stjórn félagsins til samþykktar.

[Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil \(6 ár\).](#)

### 6. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun.

Skrifstofa SFR sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

### 7. gr. Ársreikningur og endurskoðun.

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum SFR og endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar SFR.

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

### **8. gr. Breytingar á reglum sjóðsins.**

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi SFR og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

## Styrktar- og sjúkrasjóður

Reglur samkv. 20. gr. laga SFR

### 1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Styrktar- og sjúkrasjóður SFR. Sjóðurinn er í eigu SFR – stéttarfélags í almannapjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er:

- Að veita félagsmönnum fjárhagsaðstoð í veikinda- og slysatilvikum.
- Að styðja og efla félagsmenn vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma.
- Að styðja og efla félagsmenn í forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði starfsmanna.

Ofangreindum markmiðum skal sjóðstjórn ná eftir getu sjóðsins á hverjum tíma. Styrkhæfir eru þeir sem eru fullgildir félagar í SFR og greitt hafa tilskilin gjöld til félagsins í a.m.k. 3 mánuði áður en styrkveiting fer fram.

### 3. gr. Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- Vaxtatekjur.
- Framlag úr félagssjóði ákveðið á aðalfundi.
- Gjafir og áheit.

### 4. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Félagsmenn sem sækja til sjóðsins skulu senda stjórn sjóðsins umsókn. Greiðsla úr sjóðnum getur ekki átt sér stað nema að reglum um úthlutun sé fullnægt.

### 5. gr. Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir aðalmenn og einn varamaður kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn ásamt einum aðalmanni tilnefndum úr stjórn SFR. Formaður skal kjörinn af sjóðstjórn. Stjórn sjóðsins skal halda gerðarbók yfir úthlutanir, svo og annað sem varðar starf hennar. Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur í samræmi við tilgang sjóðsins og ákveður upphæð styrkja.

Stjórnin skal leggja úthlutunarreglurnar fyrir stjórn félagsins til samþykktar.

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (6 ár).

### 6. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun.

Skrifstofa SFR sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

### 7. gr. Ársreikningur og endurskoðun.

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum SFR og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar SFR.

### **8. gr. Breytingar á reglum sjóðsins.**

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi SFR og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

## Starfsmenntunarsjóður

Reglur samkv. 20. gr. laga SFR

### 1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður SFR. Sjóðurinn er í eigu SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. Aðild að sjóðnum.

Sjóðfélagar eru allir starfsmenn ríkisins sem eru félagar í SFR, svo og starfsmenn sjálfseignarstofnana og fyrirtækja, sem eru félagar í SFR, enda hafi þau gerst formlegir aðilar að sjóðnum, og staðið skil á iðgjaldi.

### 3. gr. Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að félagsmenn SFR geti sótt starfsnám og símenntun án verulegs kostnaðar. Að starfsmenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum, sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna. Styrkveitingar skal eingöngu veita til náms sem beinlínis taka til þess að starfsmaður sé að tileinka sér framfarir og tæknibreytingar í starfi sínu. Ef störf eru lögð niður vegna tækni- eða skipulagsbreytinga eiga félagsmenn kost á endurmenntun, sem gefur þeim möguleika til að taka að sér önnur störf.

### 4. gr. Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- A. Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- B. Vaxtatekjur.

### 5. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Þeir, sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn. Greiðsla úr sjóðnum getur ekki átt sér stað nema að reglum um úthlutun sé fullnægt.

### 6. gr. Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir aðalmenn og einn varamaður kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn ásamt einum aðalmanni tilnefndum úr stjórn SFR. Formaður skal kjörinn af sjóðstjórn. Stjórn sjóðsins skal halda gerðarbók yfir afgreiðslur úr sjóðnum svo og annað sem varðar störf hennar. Stjórn sjóðsins setur sér reglur um úthlutun styrkja í samræmi við tilgang sjóðsins og afgreiðslu mála. Reglur þessar skulu hljóta samþykki stjórnar SFR.

[Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil \(6 ár\).](#)

### 7. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun.

Skrifstofa SFR sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

### 8. gr. Ársreikningur og endurskoðun.

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum SFR og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar SFR.

### 9. gr. Breytingar á reglum sjóðsins.

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi SFR og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

#### Vinnudeilusjóður

Reglur samkv. 20. gr. laga SFR

### 1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður SFR. Sjóðurinn er í eigu SFR – stéttarfélags í almannabjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að tryggja félögum SFR laun samkvæmt úthlutunarreglum þegar þeir eiga í kjaradeilum,
- b) að greiða kostnað við kjaradeilur, þó ekki venjulegan samningskostnað,
- c) að styrkja gerð kjararannsókna,
- d) að styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í kjaradeilum að fengnu samþykki stjórnar SFR.

### 3. gr. Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Iðgjald til sjóðsins. Iðgjald ákvarðast og greiðist á sama hátt og félagsgjöld SFR.
2. Fjáröflun á vegum sjóðsins.
3. Framlög frá öðrum stéttarfélögum.
4. Önnur framlög.

### 4. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Félagsmaður SFR, sem greiðir iðgjald til sjóðsins, á rétt til greiðslu úr sjóðnum. Greiðslur skulu vera fyrir tekjumissi í kjaradeilu sem SFR eða félagar í SFR eru aðilar að. Meginreglur um úthlutun úr sjóðnum skulu kynntar félagsmönnum SFR eigi síðar en við upphaf vinnustöðvunar.

### 5. gr. Lántökur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán til að auka ráðstöfunarfé sjóðsins, enda liggja fyrir samþykki stjórnar SFR.

### 6. gr. Stjórn sjóðsins og ávöxtun.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir aðalmenn og einn varamaður kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn ásamt einum aðalmanni tilnefndum úr stjórn SFR. Formaður skal kjörinn af sjóðstjórn. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans, setur úthlutunarreglur og heldur gerðar-bók yfir úthlutanir og annað sem varðar starf

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

hennar. Fé sjóðsins skal ávallt ávaxta á sem tryggastan hátt. Sjóðstjórn skal tryggja að fjármagn sé laust til ráðstöfunar ef á þarf að halda.

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (6 ár).

### **7. gr. Rekstur sjóðsins.**

Skrifstofa SFR sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans.

### **8. gr. Ársreikningur og endurskoðun.**

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum SFR og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar SFR.

### **9.gr. Sjóðurinn lagður niður:**

Hætti sjóðurinn störfum og verður lagður niður ráðstafar aðalfundur SFR eingum hans.

### **10 gr. Breytingar á reglum sjóðsins.**

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi SFR og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykktar á aðalfundi SFR 2004.

## Samþykktir Lífeyrisþegadeildar SFR

### 1. gr.

Rétt til aðildar að deild lífeyrisþega innan SFR – stéttarfélags í almannajónustu eiga þeir félagsmenn sem verða elli- eða lífeyrisþegar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, enda hafi þeir verið félagar í SFR er þeir létu af störfum. Sama rétt eiga þeir sjóðfélagar sem njóta makalífeyris úr sjóðnum vegna fráfalls félagsmanns.

### 2. gr.

Deildin starfar í samræmi við ákvæði félagslaga SFR og samkvæmt samþykktum er hún setur með samþykki félagsins.

### 3. gr.

Viðfangsefni deildarinnar skulu vera;

- að gæta í hvívetna hagsmuna lífeyrisþega, m.a. með því að fylgjast með þeim breytingum sem verða á skipan starfa í launaflokka og halda skrá um alla þá er rétt eiga til aðildar að deildinni,
- að halda uppi kynningar- og félagsstarfi með deildarfélögum, þar á meðal ferðalögum innanlands og utan,
- að vinna að því að sköpuð verði sem fjölbreyttust starfsaðstaða fyrir lífeyrisþega, þar með talið að auðvelda lífeyrisþegum sjálfsnám.

### 4. gr.

Á aðalfundi skal kjósa 5 menn úr hópi deldarfélaga til þess að annast stjórnarstörf. Kjósa skal jafnmarga varamenn og skal jafnan boða þá á stjórnarfundum. Formann skal kjósa sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Formaður fer með umboð deildarinnar til setu á þeim fundum SFR sem ákvæði eru um í 29. gr. félagslaga. Varamaður hans skal valinn úr hópi stjórnar- eða varastjórnarmanna. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga.

### 5. gr.

Kjörtímabil stjórnar skal vera 2 ár. Kosið skal hluta stjórnar á hverjum aðalfundi með eftirfarandi hætti: Annað hvort ár skal kjósa formann og tvo aðalmenn í stjórn ásamt tveimur varamönnum. Hitt árið skal kjósa tvo stjórnarmenn ásamt þremur varamönnum.

### 6. gr.

Stjórnarfundum skal halda að boði formanns eða samkvæmt ákvörðun stjórnar um reglulega fundardaga. Fundir eru lögmætir ef minnst 3 mæta til fundar. Deildarfundum skal boða með auglýsingu í SFR-blaðinu þegar því verður við komið eða með bréflægri tilkynningu til deildarfélaga. Leitast skal við að ákveða fyrirfram allt funda- og félagsstarf deildarinnar um ákveðið tímabil í senn og tilkynna það í eitt skipti fyrir öll. Bóka skal gerðir allra funda deildarinnar.

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund SFR 2011

### **7. gr.**

Á tímabilinu 1. apríl til 15. maí skal boða til aðalfundar deildarinnar með minnst 3ja vikna fyrirvara. Á fundinum skal deildarstjórn gefa skýrslu um starfsemi á liðnu starfsári og leggja fram ársreikning.

### **8. gr.**

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 greiddra atkvæða til þess að breyting öðlist gildi og samþykki SFR.

Samþykktar á aðalfundi Lífeyrisþegadeildar SFR 2005.